

TORFI H. TULINIUS

## Tengslaröskun og tilfinningakapítalismi

### Um kynlíf, nánd og sambandsleysi í skáldsögum Michel Houellebecq

Listir eru ekki síður leið til þekkingar en vísindi, þó aðferðin sé önnur. Það er því áhugavert að skoða samspil listar og fræða við að bæta skilning okkar á veruleikanum. Eðli málsins samkvæmt, treysta listamenn á eigin huglæga upplifun. Því kemur það fyrir að þeir séu heldur fljótari að kryfja samtímann en vísindamenn. Þeir skynja eitthvað nýtt og koma því til skila í búningi listaverksins, áður en að fræðin hafa náð að koma auga á það og skilgreina. Oft er það vegna þess að það snertir þá sjálfa. Þó kemur fyrir að vísindin og listirnar séu að fást við sömu hlutina á sama tíma. Dæmi um þetta eru skáldsögur Michel Houellebecq og rannsóknir félagsfræðingsins Evu Illouz. Viðfangsefni þeirra beggja um áratuga skeið hefur verið að kanna tilfinningalíf Vesturlandabúa í neytlusamfélagi síðkapítalismans, hvort með sínum hætti. Þó eiga sýn skáldsins og athuganir fræðikonunnar margt sameiginlegt. Í þessari grein verður fjallað um verk Houellebecq með hliðsjón af kenningum Illouz. Þó verða fleiri fræðimenn kallaðir til, einkum þær Carol Gilligan og Naomi Snider, sem fjallað hafa um samband tengslaröskunar og karlveldis.

Michel Houellebecq (f. 1958) er án efa sá rithöfundur Frakka sem vakið hefur mesta alþjóðlega athygli á þessari öld. Skáldsögur hans eru sjö að tölu og hafa verið þýddar á yfir fjörutíu tungumál, þar með taldar fjórar á íslensku. Flestar söguhetjur Houellebecq eru gagnkynhneigðir vestrænir karlmenn af millistétt. Oft eru þeir yfirburðamenn á sínu sviði, ýmist í listum, akademíu eða á sviði viðskipta. Jafnan eiga þeir mjög erfitt með að mynda varanleg tilfinningatengsl við konur, en líka við aðra sem standa þeim nærri.



Ritið  
2. tbl. 21. árg. 2021 (63-78)  
Ritrynd grein

© 2021 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.21.2.4  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

Kynlíf skipar mikinn sess í hugarheimi þeirra. Stundum kaupa þeir þjónustu vændiskvenna eða notast við klám.

Houellebecq nálgast gjarnan viðfangsefni sín með hliðsjón af félagsvísindum, enda voru þau mjög áberandi í þjóðfélagsumræðunni í Frakklandi þegar hann var að komast til vits og ára.<sup>1</sup> Þó hafði enginn rithöfundur í Frakklandi tengt hlutskipti persóna sinna jafn kirfilega við neyslu- og markaðssamfélagið áður en hann kvaddi sér hljóðs. Í fyrstu skáldsögu hans, *Extension du domaine de la lutte* (Útvíkkun átakasvæðisins) frá 1994 er kynhegðun samtímans greind út frá lögmálum markaðarins. Á sama hátt og nýfrjálshyggjan gerði ríka auðugri og fátæka snauðari, þá leiðir aukið frjálsræði í kynferðismálum til þess að fáir útvaldir njóta mikils kynlífs en hinir sitja sveltir hjá. Skáldsagan *Öreindirnar* frá 1998 hefur einnig að geyma gagnrýni á kynlífsbyltingu sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar. Hún boðaði aukið frelsi en hefur leitt til meiri einangrunar fólks og þörf fyrir neyslu. Í *Áformum*, frá 2001, kafar Houellebecq ofan í heim auglýsingamennskunnar, sumarleyfaiðnaðar og kynlífsferðamennsku. Í *La possibilité d'une île* (Möguleiki á eyju) frá 2005 ímyndar hann sér framtíð þar sem hver einstaklingur býr í einangrun í heimi sem er orðinn of fjandsamlegur manningum. Hún er hugleiðing um niðurbrot samfélags og tengsla á tímum stjórnleysis og vistkreppu. Í *Kortinu og landinu* (2010) er mótsagnakennd staða lista í markaðssamfélagi til umfjöllunar en í *Undirgefni* (2015) ímyndar höfundur sér að Frakkar kjósi islamista sem forseta og sætta sig ágætlega við nýjan heim þar sem konur eru sendar heim, karlar drottna yfir heimilinu, og fá þar uppfyllingu á þörfum sínum fyrir ást og unað, svo framarlega sem þeir sýna klerkaveldinu undirgefni.<sup>2</sup>

Segja má að verk Houellebecq snúist um samfélagsþróun á tímum síðkapítalismans og þau áhrif sem markaðs- og neytlusamfélag hafa á tækifæri og getu einstaklinga til að bindast öðrum. Áhrifamáttur bóka Houellebecq felst ekki síst í þessu, en hann er líka fær rithöfundur, sem kann að halda lesendum sínum við efnið, skemmta þeim um leið og hann opnar þeim nýja sýn á veruleikann. Mörgum finnst bækur hans óþægilegar, því hann skrifar í anda ýmissa forvera sinna í frönskum bókmenntum sem telja það skyldu

<sup>1</sup> *Columbia History of Twentieth-Century French Thought*, ritstjóri Lawrence D. Kritzman, New York: Cambridge University Press, 2006, bls. 683-685.

<sup>2</sup> Eftirtaldir skáldsögur Houellebecq hafa komið út í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar: *Öreindirnar*, Reykjavík: Mál og menning, 2000; *Áform*, Reykjavík: Mál og menning, 2002; *Kortið og landið*, Reykjavík: Mál og menning, 2012; *Undirgefni*, Reykjavík: Mál og menning, 2016.

sína að andæfa ríkjandi hugmyndum.<sup>3</sup> Einnig á Houellebecq það til að stuða fólk með stórkarlagum yfirlýsingum í fjölmiðlum. Hann þykir að mörgu leyti afturhaldssamur og hefur orð á sér að vera í nöp við femínista og jafnvel kvenfjandsamlegur. Það má vera, en eigi að síður dregur hann upp napra og trúverðuga mynd af hlutskipti gagnkynhneigðra karla og kvenna á tímum síðkapítalismans.

### *Sjálfr og markaður*

Það er merkilegur samhljómur milli sýnar Houellebecq og greininga franska ísraelska félagsfræðingsins Evu Illouz (f. 1961) á tilfinningalífi nútímabólks, en verk hennar hafa vakið æ meiri athygli undanfarin ár fyrir skarpa greiningu á samtímanum. Hún vinnur á mörkum heimspeki og félagsvísinda, og hefur haslað sér völl á því sviði félagsvísindanna sem fjallar um tilfinningar, ekki síst hvernig þær mótask af menningu og samfélagi. Sjálfíð er í senn sálfræðilegt og félagslegt, en sjálf nútímamannsins er mótað af kapítalísmannum sem sækir inn á sífellt fleiri svið mannlífsins.<sup>4</sup>

Illouz kvaddi sér hljóðs 1997, ári áður en *Öreindir* Houellebecq komu út, með bókinni *Consuming the Romantic Utopia. Love and the Cultural Contradictions of Capitalism* (Neysla rómantísku staðleysunnar. Um ástina og menningarlegar mótsagnir kapítalismans). Þar sýndi hún að vöxtur kapítalismans á 20. öld með tilkomu neyklusamfélagsins hefur haft mikil áhrif á tilfinningalíf Vesturlandabúa. Þessi áhrif birtast í hegðun í ástarmálum, til dæmis með auknu mikilvægi neyslu í samskiptum kynjanna, og raunar öllum samskiptum af tilfinningalegum toga. Á 19. öld og fyrir, fylgdi samdráttur kynja ákveðnum reglum sem byggðu á gagnkvæmum heimsóknum, bréfaskriftum, og sambandi milli fjölskyldna væntanlegra elskenda. Með tilkomu borgarsamfélags, veitingastaða og kvikmyndahúsa, færðist tilhugalífið út fyrir fjölskylduna. Það var í samræmi við vaxandi kröfu einstaklinga frá og með 18. og 19. öld um frelsi til að ráða sér sjálfum í ástarmálum. Eftir því sem fyrir-

<sup>3</sup> Charles Baudelaire og Gustave Flaubert eru góð dæmi um slíka höfunda. Um þetta sjá nánar Torfi H. Tulinius, „Gegn heiminum, gegn lífinu“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 3. desember 2005, bls. 10.

<sup>4</sup> Eva Illouz, Daniel Gilon, Mattan Shachak, „Emotions and Cultural Theory“, *Handbook of the Sociology of Emotions 2* bindi, ritstjórar Jan E. Stets og Jonathan H. Turner, Dordrecht: Springer, 2014, bls. 221–244, hér bls. 222: „To say this differently: emotions are shaped by cultural models of the self, moral codes and forms of sociality. The cultural approach to emotions is thus premised on the view that selves are always both psychological and cultural entities.“

ferð neyklusamfélagsins jókst, varð tilfinningalífið æ meira tilefni til að eyða peningum og þar með að mikilvægum þætti í hagkerfinu. Elskendur fóru út að borða, sóttu kvikmyndahús, skiptust á blómum, skartgripum og öðrum gjöfum, ekki bara í tilhugalífinu, heldur í gegnum allt sambandið. Þetta hafði líka áhrif á önnur tilfinningasambönd, með sífellt meira af gjöfum sem fólk fann sig knúð til að gefa hvert öðru til að tjá væntumþykju, en sem knýja líka áfram hjól efnahagslífsins, bæði iðnað og verslun.

Samkvæmt Illouz er tilfinningalíf okkar því gegnsýrt af markaðnum. Á síðari stigum hefur kapitalismi alið af sér menningu þar sem viðskipti eru orðin mjög tilfinningahlaðin. Um leið eru nán sambönd í vaxandi mæli skilgreind út frá hagrænum og pólitískum hugtökum eins og samningar, viðskipti og sanngirni. Þetta samspil tilfinningalegra og hagrænna tengsla, þar sem annað skilgreinir hitt, kallar Illouz „tilfinningakapitalisma“ (e. *emotional capitalism*).<sup>5</sup>

Nýlega gaf Illouz út bók með heitinu „Endalok ástarinnar. Félagsfræði neikvæðra sambanda“ (*The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, 2019). Hún byggir á áralöngum rannsóknum og viðtölum við tæplega hundrað manns. Jafnframt gefur hún gott yfirlit yfir fyrri athuganir Illouz á samspili tilfinninga, samfélagsgerðar og hagkerfis. Bókin verður því lögð til grundvallar í þessari grein, en í upphafi verður athyglinni beint að þeirri skáldsögu Houellebecq, þar sem sýn hans á tilfinningalega eynd íbúa í síðkapítalísku samfélagi er hvað skýrust. Það er *Öreindirnar* sem kom út í íslensku þýðingu Friðriks Rafnssonar árið 2000.

Aðalpersónur sögunnar, Bruno og Michel, eru hálfbræður, synir móður sem yfirgaf þá snemma á sjöunda áratugnum og fór til Kaliforníu til að taka þar þátt í fyrstu tilraunum hippahreyfingarinnar. Feður þeirra vanrækja þá ekki síður. Faðir Bruno kemur honum fyrir í heimavistar skólum, en tekur hann til sín í skólafríum. Hann heldur þó sambandi. Aftur á móti lætur faðir Michel sig hverfa fyrir fullt og allt, reyndar eftir að hann tók þá farsælu ákvörðun að fela móður sinni aldraðri að ala drenginn upp. Michel og Bruno eru um fertugt þegar sagan hefst, báðir einmana einfarar.

Michel er eðlisfræðingur og vinnur við rannsóknir á erfðamenginu. Hann fer öðru hvoru út í stórmarkað í hverfinu til að svala þörf sinni fyrir

<sup>5</sup> „Emotional capitalism is a culture in which emotional and economic discourses and practices mutually shape each other, thus producing what I view as a broad, sweeping movement in which affect is made an essential aspect of economic behaviour and in which emotional life – especially that of the middle classes – follows the logic of economic relations and exchange.“ Eva Illouz, *Cold Intimacies. The Making of Emotional Capitalism*, Cambridge: Polity Press, bls. 5.

mannleg samskipti með því að hlusta á auglýsingar sem þar er útvarpað í gegnum hátalara og segja manni hvað best sé að kaupa í dag. Bruno er bókmenntakennari. Hann er fráskilinn og ófær um að byggja upp samband við son sinn. Hann hugsar mikið um kynlíf en eftir því sem hann eldist, settir hann sig æ oftast við að kaupa sér þá blíðu sem hann hefur efni á. Báðir fá eitt lokatækifæri til að bindast annarri manneskju, en í báðum tilfellum knýr dauðinn dyra. Konurnar sem elska þá veikjast báðar, þeir eru ófærir um að takast á við það og þær fyrirfara sér. Bruno týnir sér í geðveiki og dvelst eftir það á geðsjúkrahúsi, en hið innhverfa séni Michel ver næstu tíu árum, það er fyrsta áratug þriðja árþúsundsins, í frumrannsóknir á skammtafræði erfðanna. Þær rannsóknir eiga eftir að leggja grunninn að nýju, ódauðlegu og kynlausu mannkyni sem æxlást í gegnum klónun og tekur við af hinu óhamingjusama mannfólki sem hann og við tilheyrum.

*Öreindirnar* er löng og mikil skáldsaga sem spannar marga áratugi. Hún einkennist af sérkennilegri blöndu af frásögn af lífi persónanna, framtíðarsýn sem byggir á raunvísindum, og útlekkingum höfundar um samfélagsþróun sem varpar ljósi á gerðir þeirra, hugsanir og — ekki síst — tilfinningalíf.<sup>6</sup> Dæmi um þetta er kynningin á Önnubellu, ungu stúlkunni sem er ástfangin af Michel, en þótt hann elski hana á sinn hátt, þá kann hann hvorki að tjá tilfinningar sínar né mynda nán tengsl. Þau alast upp í sama þorpi. Hann er ári eldri og með þeim tekst vinátta í bernsku. Á kynþroskaskiðinu rennur upp fyrir Önnubellu að hún er ástfangin af Michel. Þann sjálfsskilning öðlast hún þegar hún túlkar upplifun sína í ljósi þess sem hún les um ástina í tímaritum fyrir ungar konur sem eru vinsæl á unglingsárum þeirra Michel upp úr 1970. Í honum hefur hún fundið „stóru ástina“ í lífi sínu:

Sú fyrsta var sú rétta, það yrði engin önnur, og það var ekki einu sinni ástæða til að spyrja þeirrar spurningar. Samkvæmt *Ungfrúnni á viðkvæma aldrinum* gat þetta gerst: en það mátti ekki láta það setja sig úr jafnvægi, þetta gerðist nánast aldrei, en í sumum tilfellum, mjög sjaldgæfum, nánast fyrir kraftaverk – en þau voru óvefengjanlega staðfest – gerðist þetta. Og það var það dásamlegasta sem hent gat nokkra manneskju hér á jarðríki.<sup>7</sup>

Houellebecq setur hugmyndir Önnubellu um ástina í samhengi við víðtækar samfélagsbreytingar sem verða sérlega áberandi áratuginna eftir síðari heims-

<sup>6</sup> Torfi H. Tulinius, „Kynlíf, gen, kapítalismi“, *Tímarit Máls og menningar* 4/1999, bls. 20–24.

<sup>7</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 58.

stýrjöld. Þá hefur „hagkvæmnishjónabandið“ vikið fyrir „hjónabandi elskenda“ og smám saman verður til iðnaður í kringum það að hjálpa fólki að skilgreina sig sjálf og tilfinningar sínar í þessum nýja félagslega veruleika.<sup>8</sup> Houellebecq nefnir lesendabréfadálka tímarita sem eru ætluð unglíngum, en þau koma ekki fram á sjónarsviðið fyrr en á sjöunda áratug tuttugustu aldar í Frakklandi. Þetta fellur vel að sögulegri greiningu Evu Illouz í *The End of Love*. En hún bætir því við að félagsleg víska borgarasamfélags 19. aldar um hvernig átti að haga sér í ástamállum hafi vikið fyrir óvissu um hvernig beri að haga sér.<sup>9</sup> Tómarúmið sem skipast með auknu frelsi þegar eldri viðhorf og siðir verða úreltir veldur óvissu og kvíða. Þá býr markaðurinn til vörur eins og fyrrnefnd tímarit, en einnig viðtækan sjálfshjálpariðnað, sem Illouz hefur raunar skrifað aðra bók um.<sup>10</sup> Þannig hefur markaðurinn tekið yfir hlutverk sem félagslegar stofnanir gegndu áður, eins og kirkja, stórfjölskyldur, með siðum og venjum sem sköpuðu ramma utan um samdrátt kynjanna, og svo framvegis. Markaðurinn hefur troðið sér inn í einkalíf fólks og afleiðingin kann að vera siðrof (e. *anomie*) í skilningi Émile Durkheim, það er þegar gildi og siðferðileg viðmið samfélagsins hafa veikst og nægja ekki til að leiðbeina fólki um hegðun sína. Illouz er því að skoða hvernig kapítalisminn hefur leitt til siðrofs í einkalífínu og upplausn félagslegra tengsla.<sup>11</sup>

Þetta kemur fram með ýmsum hætti í *Öreindunum*. Eins og fyrr segir, sva-lar önnur aðalpersónan, Michel, takmarkaðri þörf sinni fyrir samskipti með reglulegum ferðum í stórmarkað, þar sem örstutt orðaskipti við kassadómu koma í staðinn fyrir tengsl. Houellebecq gerir mikið úr auglýsingatextum sem hljóma úr kallkerfi verslunarinnar eða eru prentaðir í bæklingum og á umbúðum neysluvaranna. Það er eins og þeir séu samdir af starfsmönnum auglýsingastofa til að neytandinn haldi að kaupin séu merkingarbær reynsla, og þar með að ala á þeirri blekkingu að varan færi lífi neytandans tilgang, innihald og að neyslan komi í staðinn fyrir mannleg samskipti.<sup>12</sup> Þetta er það sem Illouz hefur lengi fengist við í verkum sínum, það er hvernig markaðurinn hefur seilst inn á æ fleiri svið tilfinningalegra samskipta.<sup>13</sup>

<sup>8</sup> Sama heimild, bls. 55–56.

<sup>9</sup> Eva Illouz, *The End of Love. A Sociology of Negative Relations*, Oxford: Oxford University Press, 2019, bls. 35 og áfram.

<sup>10</sup> Eva Illouz, *Saving the Modern Soul. Therapy, Emotions, and the Culture of Self-Help*, Berkeley: University of California Press, 2008.

<sup>11</sup> Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 10.

<sup>12</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 124–127.

<sup>13</sup> Sjá til dæmis Eva Illouz, *Consuming the Romantic Utopia. Love and the Cultural Contradictions of Capitalism*, Berkeley, Los Angeles og London: University of Calif-

## Kynlíf og nýfrjálsbyggja

Í bók sinni, *The End of Love*, fjallar Illouz mikið um markaðsvæðingu kynlífs, sem virðist lúta sömu lögmálum í síðkapítalísku samfélagi og önnur samskipti af tilfinningalegum toga.<sup>14</sup> Frjálsræði í kynferðismálum, sem var afurð áratugalangrar baráttu fyrir einstaklingsfrelsi en byggði jafnframt á tilkomu getnaðarvarna, varð að áberandi gildi í menningu Vesturlandabúa upp úr miðri síðustu öld. Þrátt fyrir bakslag sem varð á tímum alnæmisfaraldursins á níunda áratugnum, hefur það fest sig í sessi í stórum þjóðfélagshópum. Það er ekki síst vegna þess að markaðurinn hefur ýtt undir það. Vöxtur og viðgangur klámiðnaðarins undanfarna hálfu öld er merki þess, þótt deila megi um það hvort unga fólkið sem lætur mynda sig í afurðum þessa iðnaðar sé frjálst. Altént eru það ekki þau sem njóta efnahagslega ávinningsins af starfsemi.<sup>15</sup> Auk þess hafa stefnumótasiður á Internetinu, og á síðustu árum stefnumótaöpp á borð við Tinder, orðið mikilvægur vettvangur fyrir kynni, bæði kynferðisleg og af öðru tagi.

Rannsóknir Illouz virðast því staðfesta þá skoðun sem lesa má úr fyrstu skáldsögu Houellebecq frá 1994, *Extension du domaine de la lutte*, að aukið frjálsræði í kynferðismálum hefur líka leitt til markaðsvæðingar þeirra. Í síðari verkum birtist þetta á ýmsan hátt, til dæmis í ferðaskrifstofuævintýri aðalpersónu *Áforma* (2001), þar sem kynlífsferðum til Taílands er lýst sem sársauka- og sektarkenndarlausri lausn á tilvistarkreppu Vesturlandabúa.<sup>16</sup> Áður hafði Houellebecq látið Bruno í *Öreindunum* líkja nektarnýlendunni í Cap d'Agde við sósíal-demókratísk samfélög, þar sem meira eða minna er hlúð að þörfum allra í kynferðismálum.<sup>17</sup>

Það er dregin upp heldur dekkri mynd af kynlífi sem neysluvöru í *Undirgefni* (2015). Söguhetjan, François, er háskólaprófessor, en eins og margar aðrar persónur Houellebecq, tekst honum ekki að halda í konuna sem hann elskar, aðallega vegna þess að hann vill ekki binda sig. Hún flytur til annars lands, en þar sem hann hefur nægileg fjárráð getur hann svalað þörfum sínum með því að panta sér vændiskonur á netinu. Það er áhugavert hvernig

---

ornia Press, 1997, bls. 68.

<sup>14</sup> Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 48–52.

<sup>15</sup> Yomi Adegoke, „Why are people silent about the abuses and exploitation in porn?“, *The Guardian*, 15. ágúst 2019, sótt 15. júní 2021 af <https://www.theguardian.com/commentisfree/2019/aug/15/why-are-people-silent-about-the-abuses-and-exploitation-in-porn>.

<sup>16</sup> Michel Houellebecq, *Áforma*, bls. 204–205.

<sup>17</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 221.



Houellebecq stillir þeim viðskiptum upp við hlið annarrar iðju François á netinu, sem er að panta sér mat og drykk. Þannig eru öll samskipti sem eiga við annað fólk líka viðskipti.<sup>18</sup> Andstæðan við einangrun er nánd, sem er það sem söguhetja *Undirgefni* þráir en finnur ekki. Það er ekki nema von að henni finnist freistandi að ganga til liðs við Íslamista sem hafa tekið við stjórn í Frakklandi.<sup>19</sup> Orðið „Islam“ mun þýða „undirgefni“ og á við að hinir trúuðu undirgangist lögmál Spámannsins. En að gerast undirgefinn þýðir líka, samkvæmt Houellebecq, að konur lúti forræði eiginmanna sinna og eiga að svala þörfum þeirra í hjónabandinu. Þannig virðist eina leiðin til nándar fela jafnframt í sér kúgun á hinum, sem grefur um leið undan nándinni, eins og nánar verður vikið að síðar.

Að stilla upp Islam sem eina valkostinum við vaxandi tókum markaðshyggunnar á öllum þáttum mannlífs er talsverð einföldun. Í *Öreindunum* er sviðsetningin á tilfinningavanda nútímamannsins flóknari, auk þess sem hún fær aukna vídd, sé hún skoðuð í ljósi greininga Illouz í *The End of Love*. Bruno, önnur söguhetjan, er fráskilinn, einmana og með kynlíf á heilanum. Í sumarleyfinu fer hann á „Stað breytinganna“, sem upphaflega var hálfgerð hippakommúna þar sem gerðar voru tilraunir með nýja lífshætti, þar á meðal frjálst kynlíf. Þegar hér er komið sögu, er hugsjónin um breyttan heim horfin, og „Staðurinn“ orðinn að fyrirtæki sem rekur sumarleyfisstað þar sem boðið er upp á ýmiss konar leiðir til „persónulegs þroska“, meðal annars jóga, myndlist og áfallameðferð. Einmana körlum eins og Bruno býðst líka að geta sprangað um naktir með von um skyndikynni.<sup>20</sup> Veðin er heldur dræm hjá honum þangað til hann rekt á Kristjönu í heita pottinum eina dimma ágústnótt. Það er athyglisvert hvernig höfundurinn lýsir kynnum þeirra. Þau hefjast á andlitslausum kynmökum en halda áfram í hjólhýsi Kristjönu. Þetta undirstrikar eina hlið á skyndikynnum (e. *casual sex*) sem Illouz vekur athygli á: þau eru ópersónuleg, oft nafnlaus. Kynlíf án skuldbindingar minnir á kaup og sölu á þjónustu. Það er óhlutlægt, eins og viðskipti með peninga í greiningu Karl Marx.<sup>21</sup>

Kristjana er fjöllynd í kynferðismálum, eins og Bruno, og þau halda áfram að hittast, sækja saman nektarnýlendur og næturklúbba þar sem skipst

<sup>18</sup> Michel Houellebecq, *Undirgefni*, bls. 169–171.

<sup>19</sup> Torfi H. Tulinius, „Trúarbrögð fyrir þá sem hafa gefið upp alla von“, *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs*, 24. apríl 2016, sótt 15. júní 2021 af <http://hugras.is/2016/04/truarbrogd-fyrir-tha-sem-hafa-gefid-upp-alla-von/>.

<sup>20</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 99–102.

<sup>21</sup> Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 70.



er á bólfélögum. Þannig hefur ævilöng kynlífsárátta Bruno loksins fundið sér farveg, því hann er kominn með félagi af kvenkyni sem veitir honum aðgang að skyndikynnum af því tagi sem tíðkast á slíkum stöðum. Kristjönu og Bruno líður auk þess vel saman. Hún þekkir betur hug sinn en Bruno og viðurkennir að hún er að verða ástfangin af honum. Hann tekur ekki undir en þó færir sambandið honum tilfinningalegt öryggi sem hann hefur aldrei kynnst áður. Á yfirborðinu er það þó kynlífið sem tengir þau saman.

Brátt veikist Kristjana. Þetta eru alvarleg veikindi sem leiða til lómunar. Geta þeirra til að stunda kynlíf á þann hátt sem þau höfðu vanist verður því miklum takmörkunum háð. Á móti kemur að hún hættir að vinna og getur flutt til Parísar og þau búið saman. En spurningin vaknar hvort forsendur sambands þeirra séu brostnar, með öðrum orðum hvort þau séu elskendur eða aðeins bólfélagar. Kristjana býður Bruno að velja, en hann hikar í nokkra daga. Þegar hann áttar sig loksins á því að náðin við hana skiptir hann meira máli en kynmökun, þá er það orðið of seint. Kristjana hefur látið sig falla niður stigann í blokkinni sinni og er dáið.<sup>22</sup>

Val og hik Bruno eru athyglisverð í ljósi rannsókna Illouz á áhrifum markaðssamfélags á hegðun Vesturlandabúa á ástarmálum. Í *The End of Love* sýnir hún að „neytendavæðing“ sjálfsverunnar hafi leitt til þess að fólk skilgreini sig í vaxandi mæli út frá því sem það velur. Eins og margt annað, á krafan um valfrelsi sér rætur í hugmyndum Upplýsingarmanna á 18. öld um sjálfræði einstaklinganna sem hafa losað sig undan ofurvaldi trúarinnar.<sup>23</sup> Enn hefur markaðurinn tekið yfir þessa hlið á frelsinu, því neytandinn stendur ávallt frammi fyrir vali, og hikar ef hann er ekki viss um það hvort hann sé að gera réttu kaupin. Illouz nefnir oft stefnumótaappið Tinder sem dæmi um þessa hegðun. Upp kemur mynd af mögulegum bólfélaga sem býr í nágrenninu. Með því að renna henni til vinstri eru þeir útilokaðir en með því að renna henni til hægri er stofnað til sambands sem getur leitt til kynmaka.

Vandinn er sá að samskipti tveggja manneskja eru þá orðin að leit annars að fyrirframgefnum eiginleikum hins til að svara ákveðinni þörf, löngun eða láta fantasíu verða að veruleika. Ekki er gert ráð fyrir að sambandið eigi sér framtíð og alltaf er möguleiki á því að „betri“ hjásvæfa verði í boði næst.<sup>24</sup> Í þessu sambandi bendir Illouz á mjög ákveðið misvægi í stöðu karla og

<sup>22</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 254.

<sup>23</sup> Immanuel Kant, „Svar við spurningunni, hvað er upplýsing?“, þýðendur Elna Katrín Jónsdóttir og Anna Þorsteinsdóttir, *Skírnir* haust/1993, bls. 379–386.

<sup>24</sup> Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 63.

kvenna í þessum samskiptum. Undanfarna öld eða svo hefur kvenlíkaminn orðið að sífellt mikilvægara viðfangsefni fegurðariðnaðar sem veltir hundruðum milljarða dollara á hverju ári. Þetta hefur fætt af sér það sem Illouz kallar „scopic capitalism“, það er markaðskerfi þar sem ímyndin er orðin alls ráðandi og hefur ekki bara áhrif á hvað fólk kaupir og selur, heldur líka á hvernig það upplifir sjálfa sig og aðra. Meðal atvinnugreina sem eiga allt sitt undir þessari ímynd má nefna snyrtivöruiðnað, fataframleiðslu, líkamsræktarstöðvar og auðvitað auglýsingastofur. Fyrst og fremst er það ímynd hins kynferðislega hlaðna kvenlíkama sem er orðin að markaðsvöru. Margar konur eyða bæði ómældum tíma og fjármunum í að laga sig að þessari ímynd. Illouz nefnir dæmi um slíka konu sem lítur á þetta bæði sem eitthvað sem hún gerir fyrir sjálfa sig, en einnig sem fjárfestingu sem skilar ríkulegum arði ef hún finnur sér „sykurpabba“ sem muni sjá fyrir henni og gera henni kleift að viðhalda þessum lífsstíl.<sup>25</sup>

Konur og karlar eru í mjög ólíkri stöðu gagnvart þessari kynvæðingu kvenlíkamans. Konur dæma sjálfa sig út frá stöðlum sem mjög fáar konur uppfylla. Þetta leiðir gjarnan til lágs sjálfsmats. Við þetta bætist að karlar meta konur út frá sömu stöðlum. „Virði“ þeirra í augum karla byggir á þeim. Þetta kemur vel fram í lýsingu Houellebecq á sambandi Bruno og Kristjönu. Eftir fyrstu andlitslausu kynmökkin í myrkum heitum potti, þá leggur hann mat á líkama hennar. Sumt er enn unglegt og í samræmi við ímynd kynþokkans. Annað er farið að láta á sjá, en í samræðum þeirra kemur í ljós að hún veit vel af því. Þau eru því bæði meðvituð um virði hennar á kynlífsmarkaðnum.<sup>26</sup> Ekkert slíkt mat fer fram á honum. Reyndar er hann áhyggjufullur yfir takmörkuðu úthaldi sínu í ástaratlotunum, en í ljós kemur að það skiptir hana ekki svo miklu máli því hún er líka í leit að félagsskap við einhvern sem kemur vel fram við hana.

Rannsóknir Illouz leiða í ljós margvíslegar hliðar á því hvernig aukið frjálstræði í kynferðismálum samfara markaðsvæðingu kynlífs í formi skyndikynna eru fyrst og fremst á kostnað konunnar. Hún dregur reyndar ekki fjöður yfir það að til eru konur sem kunna vel að meta kynni af þessu tagi.<sup>27</sup> Hins vegar leiðir þessi neysluvæðing samskipta kvenna og karla til þess að æ fleiri hika við að mynda varanleg sambönd. Margt bendir til þess að þetta bitni fremur á konum því á þeirra herðum hvílir yfirgnæfandi meirihluta af umönnunarvinnu í vestrænum samfélögum, hvort sem það er í launavinnu

<sup>25</sup> Sama heimild, bls. 104.

<sup>26</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 144–147.

<sup>27</sup> Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 227.

við kennslu, aðhlyningu aldraðra, og svo framvegis, eða heima fyrir þar sem heimilisstörf og uppeldi barna er mun oftar á ábyrgð kvenna.<sup>28</sup> Í staðalmynd karlmannsins felst að eignast, drottna og vera óháður öðrum. Konan á að rækta sambönd og bera önn fyrir sínum nánustu. Jafnvel konur sem velja frelsi fyrir sjálfa sig í kynferðismálum, lenda oftar í því að sinna öðru, ýmist vegna starfsins eða krafna samfélagsins um að þær miðli af ástarkrafti sínum, svo notað sé hugtak Önnu G. Jónasdóttir.<sup>29</sup>

### *Feðraveldi og tengslaröskun*

Það er vafalaust engin tilviljun að aðeins einni konu í gjörvöllu höfundarverki Houellebecq tekst að lifa frjálssu kynlífi á sama hátt og staðalmynd karlsins gerir ráð fyrir. Það er móðir þeirra Michel og Bruno í *Öreindunum*. Hún heitir Janine Ceccaldi og er næstum því alnafna móður Houellebecq sjálfs. Sem móðir sem yfirgefur börnin sín, er hún útmáluð í mjög neikvæðu ljósi. Hún hefur brotið illa gegn lögmálinu um að konur, sérstaklega mæður, eigi að miðla ótæpilega af ástarkrafti sínum. Skáldsögupersónunni svipar raunar svo mikið til raunverulegu konunnar að sjálfri móður Houellebecq var misboðið og kvaddi sér hljóðs bæði í fjölmiðlum og með eigin bók, til að verjast því sem hún kallaði árársir sonar síns.<sup>30</sup> Í sjálfsævisögubroti sem Houellebecq skrifaði 2005 og setti á netið segir hann að móðir sín beri vafalaust ábyrgð á djúpstæðum skaða í sálarlífi hans sem gerir honum mjög erfitt að mynda tengsl við aðra. Hún yfirgaf hann þegar hann var sex ára og hann var alinn upp af ömmu sinni, eins og Michel í *Öreindunum*. Þegar hann var enn yngri, telur hann að móðir sín hafi vanrækt að sýna honum blíðu. Hann var tilfinningalega sveltur og hafi liðið fyrir það sem fullorðinn maður, sérstaklega í sambandi sínu við konur.<sup>31</sup> Ceccaldi var lækni og segist hafa þurft að vinna fyrir sér og litla drengnum og skilur ekkert í þessu kvarti og kveini sonar síns. Hún hafi einfaldlega komist að þeirri niðurstöðu að best væri fyrir hann að alast upp hjá föðurömmu sinni.<sup>32</sup>

<sup>28</sup> Sama heimild, bls. 83.

<sup>29</sup> Anna G. Jónasdóttir, „Love Studies : A (Re)new(ed) Field of Knowledge Interests“, *Love: a Question for Feminism in the Twenty-First Century*, ritstjórar Anna G. Jónasdóttir og Ann Ferguson, London: Routledge, 2014, bls. 11–30.

<sup>30</sup> Angelique Chrisafis, „I never left anybody, It was him that left me“, *The Guardian*, 7. maí 2008, sótt 15. júní 2021 af <https://www.theguardian.com/books/2008/may/07/fiction.familyandrelationships>.

<sup>31</sup> Michel Houellebecq, *Mourir*, 2005. Textaskrá sótt 15. júní 2021 af [damienth.free.fr/docs/mourir-houellebecq.doc](http://damienth.free.fr/docs/mourir-houellebecq.doc).

<sup>32</sup> Sama heimild.

Hvað sem sannleikanum er samkvæmt í þessari deilu móður og sonar, þá dregur afstaða Houellebecq athygli að því að karlkyns aðalpersónur hans eiga allar mjög erfitt með að bindast öðrum. Þetta er sérlega sársaukafullt í tilfalli Michel og Önnubellu í *Öreindunum*, því ást hennar á honum er svo mikil, en þótt hann skynji þessa ást, þá er hann í of litlu sambandi við eigin tilfinningar til að geta bundist öðrum. Það má lesa það úr frásögninni að skýringin sé alvarlegur skortur á tilfinningalegu atlæti í frumbersku.<sup>33</sup>

Ef skilja má hik Bruno við að bindast fatlaðri Kristjönu með hliðsjón af kenningum Illouz um kynlíf á markaðsöld, kallar dofi Michel á annars konar skýringar, sem líka geta varpað ljósi á ástina á síðkapítalískum tímum. Árið 2018 gaf sálfræðingurinn Carol Gilligan út bókina *Why Does Patriarchy Persist?* með Naomi Snider. Hún er tilraun til að skýra hvers vegna feðraveldið er svo rótgróið í samfélögum okkar, þrátt fyrir hinn mikla árangur sem hefur orðið af áralangri baráttu kvenna fyrir auknum réttindum. Höfundarnir byrjuðu að vinna að bókinni skömmu eftir að Donald Trump var kjörinn forseti Bandaríkjanna 2016. Hann er af mörgum talinn holdgervingur feðraveldisins og hefur kosning hans þótt endurspeglu mjög ákveðna andspyrnu við kvennabaráttu sem hefur orðið meira áberandi á síðustu árum.

Gilligan er virtur fræðimaður á sviði þroskasálarfræði og kynjafræði. Hún er frumkvöðull á sviði umönnunarsíðfræði (e. *ethics of care*), sem hún telur vera af öðru tagi en venjuleg síðfræði og endurspeglu betur félagslegt sjónarhorn kvenna.<sup>34</sup> Naomi Snider er mannréttindalögmaður en hefur líka verið nemandi Gilligan. Saman sneru þær sér að því að skoða hvernig snemmbær tengslarof móta stúlku og drengi á mismunandi hátt með þeirri afleiðingu að feðraveldið stendur af sér réttindabaráttu kvenna. Meginhugsun þeirra Gilligan og Snider er sú að drengir jafnt sem stúlkur verða fyrir áföllum í bernsku. Þessi áföll skýra hvers vegna margir, ef ekki flestir, karlmenn geta ekki annað en viðhaldið kúgun kvenna, og hvers vegna svo margar konur hafa ekki sálarstyrk til að losa sig undan þessari kúgun. Kveikjan að rannsókn þeirra var reynsla Snider sjálfar af andláti föður síns þegar hún var fimm ára gömul. Þessi ótímabæri missir olli því að hún lokaði á eigin tilfinningar og þrár, og mótaði sjálfa sig að ímynd þeirrar stúlku sem henni fannst aðrir ætlast til að hún væri. Hugboð hennar var að þessi reynsla hefði gert það að verkum að hún beygði sig undir óskráð lögmál sem halda feðraveldinu við.

<sup>33</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 31; 87–88.

<sup>34</sup> Sigríður Þorgeirsdóttir, „Er til kvennasiðfræði?“, *Kvennamegin. Ritgerðir um femínísku heimspeki*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag (Íslensk heimspeki 8), 2001, bls. 52–59.

Saman fóru þær að rannsaka hvort samband væri milli undirgefni við þetta lögmál og áfalls af völdum missis. Þær leituðu í fræðilegar kenningar breska sálgreinisins John Bowlby um tengslamyndun og tengslarof í frumbersku.<sup>35</sup> Þær telja sig hafa gert þrjár uppgötvanir sem gætu skýrt hve erfitt er að losna undan oki feðraveldisins.

Sú fyrsta er að staðalmyndir karlmennsku og kvenleika svara til tvenns konar viðbragða við tengslarofum eins og Bowlby greindi þau: karlmennt loka á tilfinningar sínar, en konum finnst þær vera knúnar til að veita umhyggju. Önnur uppgötvun þeirra var að þegar börn eru leidd inn í feðraveldið, er grafið undan hæfileika þeirra til að varðveita og laga tengsl, annars vegar vegna þess að ungum körlum er meinaður aðgangur að tilfinningum sínum og hins vegar af því að ungum konum er uppálagt að þagga niður í eigin rödd.<sup>36</sup> Þriðja og síðasta uppgötvunin var að ferlið sem börn og unglingar fara í gegnum þegar þau eru látin meðtaka lögmál feðraveldisins fylgir sama mynstri og þegar tengsl eru rofin samkvæmt kenningu Bowlby: í fyrstu er andmælt, svo tekur vonleysi við en að lokum aftengist einstaklingurinn tilfinningum sínum.<sup>37</sup> Tengslaröskunin sem stafar af þessu er missir á sambandi við sjálfan sig og tilfinningar sínar og á trausti á þeim, en líka á getunni til að upplifa nánd í samskiptum við aðra. Það er ekki endilega einn eyðileggjandi atburður sem veldur þessu, heldur röð minni atburða sem saman innprenta þessa stöðluðu hegðun hjá börnum og unglingum.<sup>38</sup>

Gilligan og Snider telja að sálfræðilegar ástæður – nátengdar félagslegum skilyrðum þó – skýri að hluta til hvers vegna réttindabarátta undanfarinna áratuga, þó hún hafi að mörgu leyti verið mjög árangursrík, nær samt ekki að vinna á feðraveldinu.<sup>39</sup> Væntanlega munu frekari rannsóknir treysta grundvöll hugmynda þeirra. En sé það rétt að feðraveldið er svo fast í sessi vegna þess að karlar hafa gefist upp á tilfinningalegri nánd við aðra vegna tengslaröskunar en konur á því að mega vera fullgildir þátttakendur í samfélaginu, þá þrífst tilfinningakapítalismi Illouz, og einangrun sem honum fylgir, á áföllunum sem drengir og stúlkur verða fyrir í uppvextinum.

<sup>35</sup> John Bowlby, *Attachment and Loss* (þrjú bindi), New York: Basic Books, 1969; 1973; 1980.

<sup>36</sup> Um þessa þöggun skrifaði Gilligan fræga bók, *In a Different Voice. Psychological Theory and Women's Development*, Cambridge: Harvard University Press, 1982.

<sup>37</sup> Carol Gilligan og Naomi Snider, *Why Does Patriarchy Persist?* Cambridge: Polity Press, 2018, bls. 47–48.

<sup>38</sup> Sama heimild, bls. 52–62.

<sup>39</sup> Sama heimild, bls. 5.

Þetta er athyglisverð viðbót við niðurstöður Illouz og fellur vel að huglægri mynd Houellebecq af hlutskipti karla í samtímanum. Margt af því sem þegar hefur komið fram um skáldsögur hans styður þetta en nefna má nokkur atriði til viðbótar. Á einum stað segja Gilligan og Snider að við forðumst ástina sem við þráum þó, til að útsetja okkur ekki fyrir frekari missi sem við umberum ekki.<sup>40</sup> Þetta á fullkomlega við um Michel í *Öreindunum* og enn frekar um Houellebecq sjálfan. Í fyrrnefndum texta um móður sína lýsir hann óbærilegum þjáningum sínum og uppnámi þegar hann upplifir það sem hann telur vera höfnun af hálfu kvenna sem hann elskar. Sársaukinn er svo mikill að hann gefst upp á því að nálgast þær.<sup>41</sup> Nánast allar aðalpersónur í bókum Houellebecq grafa undan eigin samböndum með einum eða öðrum hætti. Þetta á við um Michel en einnig um François í *Undirgefni* og Jed Martin í *Kortinu og landsvæðinu*. Þeir geta ekki bundist öðrum. Aftur á móti líður þeim ekki eins illa og Houellebecq sjálfum, því þeir eru dofnir. Samkvæmt kenningu Bowlby, hafa þeir dregið sig út úr samskiptum til að þurfa ekki að eiga það á hættu að endurlifa áfallið sem varð af upphaflegu tengslaröfunum.

Sambandsleysi einkennir einmitt öll félagsleg samskipti í *Öreindunum*. Það kemur vel fram í allra fyrstu köflum sögunnar. Annars vegar er sagt frá hófi á rannsóknastofnuninni þar sem Michel hefur unnið. Höfundur gerir sér far um að undirstrika fjarlægðina milli fólks og óþægindin sem allir upplifa í þessum samskiptum. Verið er að kveðja vinnufélaga til margra ára, en öllum viðstöddum líður illa og eru þeirri stund fegnastir þegar hófinu lýkur og hver getur farið heim í sína litlu íbúð og stungið tilbúna málsverðinum í örbylgjuofninn.<sup>42</sup> Hins vegar er það mannkyn sem tekur við af okkur í framtíðarsýn skáldsögunnar, kynlaust en jafnframt í eilífum unaði þess að vera í sambandi við aðra.<sup>43</sup>

## Lokaorð

Houellebecq á það til að vekja úlfábyt í fjölmiðlum með stuðandi yfirlýsingum. Enn fremur lýsir hann kynlífi á berorðan hátt sem mörgum lesendum finnst óþægilegur. Loks leggur hann gjarnan niðrandi ummæli um konur og

<sup>40</sup> Sama heimild, bls. 15: „We avoid the very thing we want—love—so as not to be vulnerable again to a loss that has come to seem inescapable and unbearable.“

<sup>41</sup> Michel Houellebecq, *Mourir*, bls. 3: „Aujourd’hui encore, lorsqu’une femme refuse de me toucher, de me caresser, j’en éprouve une souffrance atroce, intolérable ; c’est un déchirement, un effondrement, c’est si effrayant que j’ai toujours préféré, plutôt que de prendre le risque, renoncer à toute tentative de séduction.“

<sup>42</sup> Michel Houellebecq, *Öreindirnar*, bls. 13–15.

<sup>43</sup> Sama heimild, bls. 129–130.

femínista í munn persóna sinna. Afleiðingin hefur verið sú að hann er álitinn af sumum vera íhaldssamur klámkjaftur og kvenhatari.<sup>44</sup> Sýnin sem birtist í skáldsögum hans er mun flóknari og margbreytilegri, eins og rakið hefur verið. Það kemur ekki síst í ljós þegar þær eru rannsakaðar með hliðsjón af verkum fræðikvennanna sem hér hafa verið til umfjöllunar.

Í upphafi þessarar greinar var fjallað um að listir og fræði ættu stundum samleið. Eva Illouz þekkir til verka Houellebecq og viðurkennir að sýn hans á ást á síðkapítalískum tímum hafi opnað augu fólks fyrir því að frelsi í kynferðismálum væri tvíeggjað.<sup>45</sup> Rannsóknir hennar gefa þó mun víðtækari mynd af áhrifum markaðskerfis á það hvernig nútímafólk upplifir og iðkar ástina. Hún er þó ekki þeirrar skoðunar að hugmyndir okkar um ást séu fyrst og fremst kúgunartæki eins og sumir femínistar.<sup>46</sup> Í bók sinni *Why Love Hurts* bendir hún á að það geti ekki verið tilviljun að á því skeiði sögunnar sem kvenréttindi hafa aukist hvað mest hefur ástin líka verið í forgrunni í menningarbundnum hugmyndum um samskipti gagnkynhneigðra kvenna og karla. Hún segir því rangt að horfa fram hjá því að ást milli tveggja einstaklinga felur í sér að þeir séu jafnir, og því geti ástin líka grafið undan feðraveldinu.<sup>47</sup> Hugmyndir Gilligan og Snider hljóta að vera vatn á myllu hennar að þessu leyti, því þær halda því fram að feðraveldinu sé viðhaldið af tengslaröskun, en ástin er einmitt andstæða hennar. Efnahagslegar, pólitískar, félagslegar og sálfræðilegar skýringar vinna því saman að því að draga upp heillega mynd af örlögum ástarinnar á okkar tímum.

En góðir skáldsöguhöfundar eru ekki fræðimenn. Þeir eru líkir sagnaþulum til forna sem skýrðu heiminn fyrir meðbræðrum sínum með frásögnum. Eins og Milan Kundera orðaði það forðum, þá grandskoðar skáldsagan „hið áþreifanlega líf mannsins“.<sup>48</sup> Eina réttlætning fyrir tilveru hennar „er að hún

<sup>44</sup> Eftirfarandi grein í *The Guardian* frá 2015 gefur gott yfirlit um þessa stöðu hans: Angelique Chrisafis, „Michel Houellebecq: ‘Am I Islamophobic? Probably, yes‘“, *The Guardian*, 6. september 2015, sótt 15. júní 2021 af <https://www.theguardian.com/books/2015/sep/06/michel-houellebecq-submission-am-i-islamophobic-probably-yes>.

<sup>45</sup> Eva Illouz, *The End of Love*, bls. 219–224.

<sup>46</sup> Eva Illouz, *Why Love Hurts. A Sociological Explanation*, Cambridge UK: Polity Press, 2012, bls. 247. Hér nefnir Illouz einkum Shulamith Firestone og bók hennar *The Dialectic of Sex* frá 1970.

<sup>47</sup> Sama heimild, bls. 5.

<sup>48</sup> Milan Kundera, *List skáldsögunnar*, Friðrik Rafnsson þýddi, Reykjavík: Mál og menning, 1999, bls. 13.



uppgötvi eitthvað sem skáldsagan ein getur uppgötvað<sup>49</sup>.<sup>49</sup> Verk á borð við *Öreindirnar* eftir Houellebecq klæða flókið hlutskipti okkar í nútímanum í form sagnabálka sem verða að eins konar goðsögnum fyrir lesendur. Reynslu þeirra er umbreytt í listaverk, sem færir þeim fjölbætta upplifun: fræðslu, spennu og tilfinningar, en umfram allt nýja og skarpari sýn á tilveruna.

## ÚTDRÁTTUR

Skáldsögur Michel Houellebecq eru ræddar út frá kenningum Evu Illouz um hvernig kapitalisminn hefur mótað og að einhverju leyti tekið yfir tilfinningalíf Vesturlandabúa. Einnig eru afdrif persóna Houellebecq skoðaðar í ljósi tilgátu Carol Gilligan og Naomi Snider um samband tengslaraskana og feðraveldis. Í ljós kemur að skrif þeirra eru til þess fallin að auka skilning á verkum Houellebecq og því umhverfi sem þær eru sprottnar úr.

*Lykilorð:* Houellebecq, skáldsögur, kapitalismi, tilfinningar, tengslaröskun, feðraveldi

## ABSTRACT

### Attachment loss and emotional capitalism

#### On sex, intimacy and lack of connection in Michel Houellebecq's novels

Eva Illouz's studies of how capitalism has shaped and, in some cases, invested the emotional lives of Westerners are used to study Michel Houellebecq's novels. His characters are also analysed from the perspective of Carol Gilligan and Naomi Snider's hypothesis that patriarchy persists because of loss of emotional connection at an early age. Both bodies of work deepen our understanding of Houellebecq's novels and of the context from which they arise.

*Keywords:* Houellebecq, novels, capitalism, emotions, loss of connection, patriarchy

TORFI H. TULINIUS

Prófessor í íslenskum miðaldafræðum

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

IS-102 Reykjavík, Ísland

tth@hi.is

---

<sup>49</sup> Sama heimild, bls. 13.